



Doctor oecnomiae honoris causa í viðskipta- og hagfræðideild

Robert A. Mundell er fæddur í Kanada árið 1932. Eftir að hafa lokið grunnnámi við University of British Columbia og University of Washington hóf hann doktorsnám við London School of Economics. Hann lauk þaðan doktorsprófi árið 1956 og fjallaði doktorsritgerð hans um alþjóðlegar fjármagnshreyfingar. Robert A. Mundell hefur verið prófessor við Columbia háskóla frá 1994.

Mikilvægasta framlag Roberts A. Mundell til hagfræðinnar var á sjöunda áratugnum og hlaut hann Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 1999 fyrir rannsóknir sínar á því hvaða áhrif fyrirkomulag gengismála hefur á það hvernig peningamála- og fjármálaaðgerðum er beitt til sveiflujöfnunar og fyrir rannsóknir sínar á hagkvæmustu myntsvæðum. Rannsóknir Roberts A. Mundell ruddu öðrum leið og teljast nú til þess sem kalla má kjarna alþjóðahagfræði nútímans. Enda þótt þessi viðfangsefni bjóði upp á afar tæknilega framsetningu hefur Robert A. Mundell leitast við að setja niðurstöður sínar fram á aðgengilegan og skiljanlegan hátt og um leið auðveldað mönnum að skilja áhrif þeirra á hagstjórn. Robert A. Mundell hefur einnig reynst afar glöggskyggn á þróun alþjóðagjaldeyrismála og fjármálamarkaða.

Robert A. Mundell hefur sýnt viðskipta- og hagfræðideild mikinn hlýhug með því að sækja ráðstefnur deildarinnar og verið starfsfólki hennar til ráðuneytis um rannsóknir á gengismálum. Robert A. Mundell tók þátt í ritun Ársskýrslu Hagfræðistofnunar sem gefin var út sl. vetur og kom m.a. að kynningu hennar.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Robert A. Mundell með titlinum doctor oecnomiae honoris causa. Sé það góðu heilli gjört og vitað.



Hörður Filippusson deildarforseti raunvísindadeildar, Kristján Sæmundsson, Robert A. Mundell, Assar Lindbeck, Kristín Ingólfssdóttir rektor, Friðrik Már Baldursson deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar